

Mánudaginn 17. desember 1990.

Nr. 400/1988. **Protabú Björns Einarssonar**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Agnari Gústafssyni

(sjálfur).

Nauðungaruppboð. Veðréttur. Riftun. Dómsvald uppboðsréttar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason og Stefán Már Stefánsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. desember 1988. Hann gerir þær dómkröfur, „að frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis fasteignarinnar Eskiholts 1, Garðakaupstað, sem sent var út 18. apríl 1988, verði ekki tekið til greina við úthlutun og uppboðsandvirðið verði látið ganga til þrotabúsins“. Áfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Bú Björns Einarssonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 30. maí 1985. Innköllun var gefin út, og rann innköllunarfrestur út 16. ágúst 1985. Með bréfi, móttæknu 14. ágúst, lýsti stefndi í búið skuldakröfu á hendur þrotamanni samkvæmt fimm víxlum, hverjum að fjárhæð 200.000 krónur, með útgáfudegi 7. september 1984, samþykktum af þrotamanni til greiðslu 20. júní, 20. júlí, 20. ágúst, 20. september og 20. október 1985. Var víxilskuldin tryggt með tryggingarbréfi, útgefnu 7. september 1984, með veði á 3. veðrétti í einbýlishúsi þrotamanns að Eskiholti 1 í Garðakaupstað. Tryggingarbréfinu var þinglýst 30. apríl 1985, og fékk það stöðu á 4. veðrétti á eftir áður þinglýstu veðbréfi til Byggingavöruverslunar Kópavogs sf.

Með bréfi 10. júlí 1985 til uppboðshaldara í Garðakaupstað bað stefndi um nauðungaruppboð á umræddri fasteign þrotamanns samkvæmt ákvæðum í tryggingarbréfinu. Tilkynnti hann skiptaráðanda um beiðni þessa í fyrrnefndu kröfulýsingarbréfi sínu.

Brunabótafélag Íslands hafði hinn 21. febrúar 1985 krafist uppboðs á eigninni til lúkningar ógreiddum brunabótaiðgjöldum, og fylgdu fleiri veðhafar í það far. Með bréfi til uppboðshaldara 20. september 1985 lagði bústjóri í búi áfrýjanda fram mótmæli við uppboðinu, að því er varðaði kröfu stefnda. Taldi hann tryggingarbréfi vegna kröfunnar ekki hafa verið þinglýst án ástæðulausrar tafar, eftir að til skuldarinnar var stofnað.

Við skiptameðferð á búi áfrýjanda var víxilkrafa stefnda tekin á skrá yfir lýstar kröfur, sem samin var 28. október 1985 og lögð fyrir skiptafund 5. nóvember s.á., í samræmi við 108. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Var þar lagt til, að krafan yrði samþykkt sem almenn krafa, en stöðu utan skuldaraðar hafnað. Tilkynnti bústjóri stefnda um þá afstöðu með bréfi 31. október. Á skiptafundinum var skráin samþykkt án breytingar á þessari afstöðu að stefnda fjarstöddum. Með bréfi til bústjóra 7. nóvember tilkynnti stefndi, að hann hefði ekki getað sótt fundinn vegna málflutnings annars staðar, en héldi fast við uppboðsbeiðni sína vegna víxilkröfunnar.

Umrædd fasteign að Eskiholti 1 í Garðakaupstað var síðan seld á nauðungaruppboði, sem fram fór 29. apríl 1986. Greinir aðila á um, hvort stefndi eigi að fá úthlutað af uppboðsandvirðinu sem veðhafi.

Í fyrrgreindu tryggingarbréfi stefnda var áskilið, í samræmi við viðeigandi réttarheimildir, að þegar skuldin, sem veðið ætti að tryggja, væri í gjalddaga fallin, mætti selja veðið á nauðungaruppboði samkvæmt 1. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungaruppboð án undanfarandi dóms eða sáttar og aðfarar. Gjaldþrot skuldara raskaði ekki þessari heimild, sbr. 2. mgr. 24. gr. gjaldþrotalaga. Afstaða bústjóra og síðar skiptafundar gagnvart kröfu stefnda réð ekki úrslitum um rétt hans til að leita fullnustu í hinni veðsettu eign. Þinglýsing tryggingarbréfsins fór fram tæpum 8 mánuðum eftir útgáfu þess og einum mánuði áður en bú þrotamanns var tekið til gjaldþrotaskipta. Heimild handa þrotabúinu til að rifta veðsetningunni var því fyrir hendi samkvæmt síðari málslíð 1. mgr. 57. gr. gjaldþrotalaga. Í mótmælum þeim, sem bústjóri kom á framfæri í uppboðsrétti haustið 1985, fólst krafa um riftun á þessum grundvelli, og var uppboðshaldari bær að fjalla um hana. Bar uppboðshaldara að synja stefnda um úthlutun af uppboðsandvirði

fasteignar þrotamanns við sölu hennar á fyrrgreindu nauðungaruppbóði.

Rétt er eftir þessum úrslitum, að stefndi greiði áfrýjanda 115.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Hafnað er kröfu stefnda, Agnars Gústafssonar hæstaréttarlögmans, samkvæmt tryggingarbréfi, útgefnu 7. september 1984, um úthlutun af uppboðsandvirði húseignarinnar Eskiholts 1 í Garðakaupstað.

Stefndi greiði áfrýjanda, þrotabúi Björns Einarssonar, 115.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Úrskurður uppboðsréttar Garðakaupstaðar 24. nóvember 1988.

Mál þetta var þingfest með framlagningu greinargerða aðilja máls í réttinum 21. október 1988. Munnlegur málflutningur fór fram 4. nóvember 1988, og var málið þá tekið til úrskurðar.

Sóknaraðili í máli þessu er þrotabúi Björns Einarssonar, en skiptaréttur Reykjavíkur tók bú þetta til gjaldprotaskipta 30. maí 1985. Varnaraðili er Agnar Gústafsson hæstaréttarlögmaður, Reykjavík.

Sóknaraðili krefst þess, að frumvarp að úthlutunargerð uppboðsandvirðis fasteignarinnar Eskiholts 1, Garðakaupstað, sem sent var út 18. febrúar 1988, verði ekki tekið til greina við úthlutun og uppboðsandvirðið verði látið ganga til þrotabúsins. Þá krefst sóknaraðili þess, að varnaraðili verði úrskurðaður til að greiða honum málskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að frumvarp að úthlutunargerð á eftirstöðvum uppboðsandvirðis húseignarinnar Eskiholts 1, Garðakaupstað, sem seld var á nauðungaruppbóði 29. apríl 1986, verði staðfest. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Frumvarp það að úthlutunargerð, sem vikið er að í kröfum aðilja, sendi uppboðshaldarinn í Garðakaupstað aðiljum með bréfi, dagsettu 18. febrúar 1988. Það er svona:

FRUMVARP

að úthlutunargerð á eftirstöðvum uppboðsandvirðis húseignarinnar Eskiholts 1, Garðakaupstað, sem seld var á nauðungaruppbóði, öðru og síðasta, 29.4. 1986.

Eftirstöðvar með vöxtum		kr.	1.029.821,72
1.	Varakrafa Ólafs Axelssonar hrl. v. Byggingavöruversl. Kópavogs samkv. tryggingarbréfi, útg. 10.4 1985, með kostn. (3. veðr.)		
	a. Höfuðstóll	kr.	496.484
	b. Innheimtulaun	kr.	58.492
		kr.	554.976,00
2.	Upp í kröfu Agnars Gústafssonar hrl. v. handhafa tryggingarbréfs, útg. 7.9. 1984 (4. veðr.), krafan í heild með vöxtum og kostn. kr. 2.314.433		
		kr.	474.845,72
		kr.	1.029.821,72

Skýra verður kröfugerð sóknaraðilja svo, að hún taki til 2. tölulíðar frumvarpsins. Ágreiningur er uppi milli sóknaraðilja og Byggingavöruverslunar Kópavogs um 1. lið frumvarpsins, og er úr honum skorið í öðru sérstöku uppboðsréttarmáli (nr. 1226/1988).

Sóknaraðili færir þessar ástæður og rök fyrir kröfum sínum:

Krafa varnaraðilja (sbr. 2. lið frumvarpsins) hafi verið afgreidd í skiptarétti Reykjavíkur og samþykkt sem almenn krafa í þrotabú Björns Einarssonar, en hafnað, að hún væri utan skuldaraðar. Sóknaraðili hefur lagt fram skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúið, þar sem greind afstaða skiptaráðanda kemur fram. Þessari afstöðu hafi ekki verið andmælt af varnaraðilja í skiptaréttinum. Telur sóknaraðili, að ákvörðun skiptaréttarins um þetta efni hafi neikvæð bindandi (res judicata) áhrif á uppboðsréttinn í máli þessu, sbr. 196. gr. eml. nr. 85/1936.

Í öðru lagi heldur sóknaraðili því fram, að tryggingarbréfið, sem varnaraðili reisir kröfu sína í uppboðsandvirðið á, sé ógilt. Vísar hann í því sambandi til 57. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978. Tryggingarbréfinu hafi ekki verið þinglýst án ástæðulausra tafa. Það sé sagt gefið út 7. september 1984, en því hafi verið þinglýst 30. apríl 1985.

Málsástæður og lagarök varnaraðilja eru þessar:

Hann telur, að réttur aðili til að fjalla um gildi veðréttar í húseigninni Eskiholti 1 sé uppboðsréttur Garðakaupstaðar. Skiptaréttur Reykjavíkur sé ekki bær um að fjalla um það atriði. Hann heldur því fram, að þetta atriði hafi ekki verið tekið fyrir formlega í skiptaréttinum og að honum hafi ekki verið gefinn kostur á að koma þar að rökstuðningi og lagarökum. Hann tekur fram, að hann hafi mótmælt ákvörðun skiptaráðandans í Reykjavík um kröfu hans, og vísar til bréfs síns til Brynjólfs Kjartanssonar hrl., bú-

stjóra þrotabúsins, en afrit af því hefur hann lagt fram hér í réttinum (rskj. nr. 5).

Varnaraðili mótmælir þeirri málsástæðu sóknaraðilja, að tryggingarbréfið sé ógilt. Hann segir, að dráttur á þinglýsingu veðréttar í fasteign hafi ekki áhrif á gildi veðréttar sem slíks. Dráttur geti hins vegar haft áhrif á veðréttinn, ef annar veðhafi þinglýsir veðrétti, sem síðar stofnast og brýtur í bága við hinn fyrri, sem er óþinglýstur.

Uppboðsréttur Garðakaupstaðar er bær um að fjalla um úthlutun uppboðsandvirðis fasteignarinnar Eskiholts 1 sem og annarra eigna, sem í honum eru boðnar upp og seldar að réttum lögum. Í þessu felst, að réttinum ber að taka afstöðu til krafna, sem lýst er í uppboðsandvirðið, og skera úr ágreiningi, sem um þær kann að koma upp milli aðilja uppboðsmáls, og þá einnig þann ágreining, sem uppi er í þessu sérstaka uppboðsréttarmáli. Um það breytir engu, að skiptaréttur Reykjavíkur hefur samþykkt kröfu varnaraðilja sem almenna kröfu í þrotabú Björns Einarssonar, en hafnað henni sem veðkröfu. Sú ákvörðun er hvorki tekin með dómi né úrskurði og getur ekki haft neikvæð bindandi áhrif á uppboðsrétt Garðakaupstaðar í máli þessu. Tilvikið fellur ekki undir 196. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936.

Veðréttur, sem svo er ástatt um, segir í 1. mgr. 57. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, er ógildanlegur með riftun, en hann er ekki ógildur án tilverksaðar þrotabúsins. Skiptaréttur Reykjavíkur ákvað á skiptafundi í þrotabúi Björns Einarssonar 5. nóvember 1985 að viðurkenna ekki þau veðréttindi varnaraðilja, sem mál þetta snýst um. Varnaraðili mótmælti þeirri ákvörðun með bréfi, dagsettu tveimur dögum síðar. Uppboðsrétturinn lítur svo á, að riftun hafi ekki náð fram að ganga með einhliða ákvörðun skiptaréttarins fyrir hönd þrotabúsins.

Frestur sá, sem 1. mgr. 68. gr. gjaldþrotalaga tiltekur, stendur í vegi fyrir því, að fjallað verði um kröfugerð sóknaraðilja í þessu máli, svo sem krafist væri riftunar. Því verður að telja veðréttindin, sem hér er um deilt, í fullu gildi.

Eftir úrslitum þessa máls þykir rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 15.000 í málskostnað.

Á l y k t a r o r ð:

Staðfestur er sem hluti úthlutunargerðar 2. liður frumvarps að úthlutunargerð fyrir eftirstöðvar uppboðsandvirðis fasteignarinnar Eskiholts 1, Garðakaupstað, sem uppboðshaldari sendi aðiljum uppboðsmáls með bréfi, dagsettu 18. febrúar 1988.

Sóknaraðili greiði varnaraðilja kr. 15.000 í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.